

Alþjóðlegur
annsóknir Þátttaka
Eftirsóknarverður Fjarnám FOLK Persónulegur
Eftirsóknarverður ÞEKKINGARSAMFÉLAG Frelsi
Alþjóðlegur FRAMSÆKINN
Eftirsóknarverður ÞEKKINGARSAMFÉLAG
Eftirsóknarverður FRAMSÆKINN Frelsi
Alþjóðlegur FRÆÐI
Þátttaka Persónulegur ÞEKKINGARSAMFÉLAG
ÞEKKINGARSAMFÉLAG VIRKUR ÖFLUGUR



**STEFNA
HÁSKÓLANS
Á AKUREYRI
2007 - 2011**



Persónulegur Öflugur FRÆÐI Þátttaka ÞEKKINGARSAMFÉLAG
raustur Alþjóðlegur Frelsi Öflugur
Eftirsóknarverður Persónulegur Frelsi FRAMSÆKINN
ÞEKKINGARSAMFÉLAG Persónulegur Frelsi



ÁVARP REKTORS

Kjarninn í starfsemi Háskólans á Akureyri er kennsla og rannsóknir þar sem ávinningur nemandans situr í öndvegi. Í háskóla er nú sem fyrr mikilvægt að skapa sem best skilyrði og stuðning fyrir nemendur og kennara til að iðka fræði sín, ígrunda og skapa nýja þekkingu.

Með þróttmikilli fræðastarfsemi hefur Háskólinn á Akureyri áhrif víðs vegar í þjóðlífinu, einkum fyrir tilstuðlan þeirrar þekkingar og færni sem brautskráðir nemendur hafa öðlast en einnig vegna margvíslegrar þjónustu í formi kennslu, rannsókna og ráðgjafar sem háskólinn veitir samfélaginu. Virðisaukinn sem af þessari öflugu háskólastarfsemi hlýst er afar verðmætur fyrir uppbyggingu innviða íslensks samfélags og háskólinn hyggst auka hann enn frekar á næstu árum.

Stefna Háskólans á Akureyri 2007 - 2011 er niðurstaða úr umræðum sem hafa átt sér stað í öllum starfseiningum hans. Háskólaráð skipaði stýrihóp fyrir verkefnið í lok mars 2006 sem lagði frá upphafi mikla áherslu á þátttöku hagsmunaaðila. Stefnumótunin var rædd með þátttöku yfir 100 manns í rýnihópum, um hana hefur verið fjallað þrisvar sinnum í öllum starfseiningum innan háskólans og hún hefur verið kynnt fyrir menntamálaráðherra. Alls hafa nokkur hundruð manns tekið virkan þátt í mótun stefnunnar og er hún því eign alls háskólasamfélagsins á Akureyri.

Sérstaða Háskólans á Akureyri felst einkum í því að hlúa vel að nemendum, bjóða upp á fjölbreytt nám sem gefur gott veganesti, byggja upp þverfaglegt nám og rannsóknir sem taka mið af þörfum þjóðlífsins, og styrkja innviði nútíma þekkingarsamfélags.

Við háskólann stunda öflugir vísindamenn kennslu og rannsóknir á fræðasviðum sem munu vaxa að mikilvægi fyrir íslenskt þjóðlíf og í alþjóðlegu samstarfi. Þar skal nefna m.a. svið auðlinda, heilbrigðis, menntunar, viðskipta, laga og samfélags. Einnig má tilgreina vaxandi rannsóknasamstarf um sjálfbæra nýtingu auðlinda og málefni norðurslóða. Á næstu árum mun Háskólinn á Akureyri hafa forystu um að byggja upp lífandi kennslu- og rannsóknasamstarf við erlenda háskóla og aðra fagaðila á öllum ofangreindum sviðum sem tilheyra deildum háskólans. Með þessari alþjóðlegu samvinnu mun háskólinn hasla sér völl og láta í té þekkingu á alþjóðlegum vettvangi sem skiptir máli jafnt fyrir framþróun íslensks samfélags og framþróun fræðilegrar og hagnýtrar þekkingar á heimsvísu.

Stefnumótun og áætlanagerð eru mikilvæg tæki til að varða leið til framtíðar en þó mikilvægar séu mega þær ekki vera markmið í sjálfu sér heldur áfangi á þeirri vegferð að styrkja háskólasamfélagið sem heild og þá einstaklinga sem þar starfa og læra. Ég skora á ykkur öll sem stundið nám eða starfið við Háskólann á Akureyri að láta þessa stefnu ganga eftir nemendum, starfsfólki og samfélaginu öllu til hagsbóta. Að endingu vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu innan og utan háskólans sem eiga þátt í því að gera þessa stefnu svo vandaða sem raun ber vitni.


Pósteinn Gunnarsson, Rektor

Útgefandi: Háskólinn á Akureyri 2007
Ritstjórn: Jóna Jónsdóttir
Ljósmyndir: Myndrún
Lestur handrits: Finnur Friðriksson
Hönnun: Stíll
Prentun: Ásprent



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI ÞEKkingarsamfélag í Örum Vexti

Háskólinn á Akureyri hefur verið í hraðri uppbyggingu á síðustu árum. Á tímabilinu 1997 – 2005 fjölgaði nemendum úr rúmlega 400 í tæplega 1500 og háskólinn jók hlutdeild sína af heildarfjölda háskólanema á Íslandi úr 5% í rúm 9% á sama tímabili. Á sama tíma fjölgaði brautskráðum nemendum úr tæplega 70 á ári í nær 300. Mest munar um fjölgun nemenda í fjarnámi og framhaldsnámi og áframhaldandi vöxtur þar er fyrirsjáanlegur. Háskólinn hefur verið í fararbroddi í nýtingu upplýsingatækni, meðal annars við fjarnám.

Námsframboð er fjölbreytt og framsækið og miðar að undirbúningi nemenda til frekara framhaldsnáms eða virkrar þátttöku í íslensku og alþjóðlegu samfélagi. Háskólinn á Akureyri hefur byggt upp farsælt samstarf við fjölmörg fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga, bæði innanlands og erlendis. Samstarfið er fjölbætt og tengir bæði nám og rannsóknir við atvinnulífið.

Rannsóknavirkni kennara þrefaldaðist á tímabilinu 1999 – 2004. Á árunum 1997 – 2005 jukust útgjöld vegna rannsóknastarfsemi úr rúmum 100 mkr. í rúmar 400 mkr. Á sama tíma hækkuðu rannsóknastyrkir úr samkeppnissjóðum úr 1.5 mkr. í 65 mkr. og sértekjur vegna rannsókna hækkuðu úr 1.5 mkr. í 80 mkr.

Könnun sem gerð var meðal brautskráðra nemenda vorið 2005 leiddi í ljós ánægju með fræðilegan undirbúning, handleiðslu kennara,

persónulegt andrúmsloft og þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur gera vaxandi kröfur til háskólans um fjölbreytta kennsluhætti og góða vinnuaðstöðu og er mikilvægt að mæta þeim kröfum.

Almennt séð eru háskólar að þróast í þá átt að leggja meiri áherslu á framhaldsnám, gæði og tengsl við atvinnulíf. Sífellt stærri hluti fólks á öllum aldursskeiðum stundar nú háskólanám. Fjöldi þeirra sem stunda nám í háskólum innanlands hefur tvöfaldast frá árinu 1997 og er nú um 16 þúsund. Á stuttum starfstíma sínum hefur Háskólinn á Akureyri haft mikil og jákvæð áhrif á íslenskt samfélag og skilað því hæfum einstaklingum. Þessu mikilvæga starfi vill háskólinn halda áfram og efla enn frekar samhliða því að þróa starfsemi sína áfram í samræmi við það sem best gerist í alþjóðlegu háskólaumhverfi.

Frá árinu 1995 hefur markvisst verið unnið að uppbyggingu á háskólasvæðinu á Akureyri. Þar er nú kominn vísir að þekkingarþorpi sem laðað hefur til sín nemendur, starfsmenn og samstarfsaðila sem mynda með háskólanum þekkingarsamfélag í hjarta Akureyrarbæjar. Háskólinn á Akureyri hefur endurskilgreint hlutverk sitt og sett fram metnaðarfulla en jafnframt raunhæfa framtíðarsýn þar sem stefnt er að því að byggja upp eftirsóknarvert og alþjóðlegt þekkingarsamfélag.



HLUTVERK

Háskólinn á Akureyri veitir nemendum tækifæri til menntunar í metnaðarfullu og alþjóðlegu náms- og rannsóknarumhverfi. Háskólinn skapar fræðimönnum sínum umhverfi og aðstöðu til rannsókna og nýsköpunar sem stuðlar að vexti og framþróun íslensks samfélags og veitir inn í það nýjum straumum. Háskólinn leggur áherslu á gagnvirk tengsl við atvinnulífið.

GILDI

Frelsi:

Nemendur og starfsfólk Háskólans á Akureyri hafa svigrúm til að leita þekkingar og tjá sannfæringu sína af ábyrgð og virðingu. Samskipti eru opin og heiðarleg.

Traust:

Nemendur Háskólans á Akureyri geta gengið að því vísu að þeir öðlist góða menntun. Almenningur, atvinnulíf og stjórnvöld geta treyst því að háskólinn takist á við viðfangsefni með gagnrýnni hugsun og heill samfélagsins að leiðarljósi.

Framsækni:

Staðblærinn í Háskólanum á Akureyri einkennist af víðsýni í vali á viðfangsefnum og vilja til að leita nýrra leiða við þróun þeirra.

Jafnrétti:

Í starfi sínu leggur Háskólinn á Akureyri áherslu á að nemendur og starfsfólk nái árangri í námi og starfi óháð kyni, kynþætti, trúarbrögðum, uppruna, hugsanlegri fötlun og kynhneigð.



FRAMTÍÐARSÝN

Að Háskólinn á Akureyri verði alþjóðlega viðurkennd menntastofnun sem skari fram úr á völdum fræðasviðum. Þar verði eftirsóknarvert þekkingarsamfélag sem leggur áherslu á öflugar rannsóknir og krefjandi námsumhverfi þar sem nemendur eru settir í öndvegi.

Háskólinn á Akureyri verði eftirsóknarverður vegna persónulegs náms- og starfsumhverfis sem einkennir hann, góðrar vinnuaðstöðu og ögrandi verkefna sem nemendur og starfsmenn eru hvattir til að koma á framfæri hver við annan og við íslenskt samfélag, sem og á alþjóðlegum vettvangi.

Krefjandi námsumhverfi, öflugar rannsóknir og gagnkvæm tengsl við samfélagið verði grundvöllur að þekkingarsamfélagi sem laðar til sín hæfa nemendur og starfsfólk. Háskólinn standist samanburð við virta háskóla hvað varðar námsframboð, kennsluhætti, rannsóknavirkni, yfirfærslu þekkingar og rekstur.

Háskólinn á Akureyri verði þekkingarsamfélag sem leitast stöðugt við að afla og miðla þekkingu. Í þekkingarsamfélagi fléttist saman nám, kennsla, rannsóknir og yfirfærsla þekkingar milli atvinnulífs og skóla.

Alþjóðastarf Háskólans á Akureyri felist í virkum nemenda- og kennaraskiptum ásamt því að háskólinn laði til sín erlenda nemendur og fræðimenn til lengri dvalar. Opinbert tungumál háskólans er íslenska en tryggt verði námsframboð á ensku sem svarar þörfum alþjóðlegs umhverfis í háskólanum. Lögð verði áhersla á innleiðingu Bologna-ferlisins sem tryggir samræmingu í umgjörð háskólastarfs í Evrópu. Háskólinn taki þátt í uppbyggingu þekkingarsamfélags á alþjóðavísu.

Námsframboð Háskólans á Akureyri árin 2007 – 2011 felist í áhugaverðu og aðgengilegu háskólanámi til bakkalár- og meistara-gráðu. Nám fyrir íslenska og erlenda nemendur í stað- og fjarnámi verði í boði á sviði auðlindafræða, heilbrigðisvísinda, félagsvísinda, raunvísinda, menntunarfræða, lögfræði, tölvunarfræða og viðskiptafræða. Námið verði þróað í samstarfi við helstu hagsmunaaðila. Undirbúningur að doktorsnámi verði hafinn, auk þess sem hugað verði að uppbyggingu náms á sviði lista, hugvísinda og verk- og tæknifræði.

Lögð verði áhersla á rannsóknir á fræðasviðum háskólans og þverfagleg fræðasvið norðurslóða. Með rannsóknnum sem nýtast atvinnulífinu og samfélaginu stuðli Háskólinn á Akureyri að gagnkvæmri yfirfærslu þekkingar milli háskólans og samfélagsins.



STEFNA 2007 - 2011

Háskólinn á Akureyri hefur skilgreint fimm yfirmarkmið sem varða leiðina að framtíðarsýnni.

1. Krefjandi og persónulegt námsumhverfi.
2. Öflugt rannsóknastarf.
3. Virk tengsl við samfélagið.
4. Alþjóðlegt samstarf.
5. Skilvirk skipulagsheild.

Verkefni, sem unnin verða á tímabilinu 2007 – 2011 til að markmið náist, verða skilgreind í aðgerðaáætlun sem deildir háskólans, háskólaskrifstofa og háskólaráð leggja fram. Á tímabilinu verður m.a. litið til háskólanna í Tromsø í Noregi, Oulu í Finnlandi og Luleå í Svíþjóð varðandi námsframboð, rannsóknavirkni, yfirfærslu þekkingar og rekstur og til Viðskiptaháskólans í Kaupmannahöfn varðandi kennsluhætti.

1. KREFJANDI OG PERSÓNULEGT NÁMSUMHVERFI

Jákvætt og krefjandi námsumhverfi er forsenda þess að nemendur stundi nám við Háskólann á Akureyri og að háskólinn haldi áfram að vaxa. Stefnt er því að 70% innritaðra nemenda brautskráist innan 5 ára og að 80% nemenda séu ánægð með gæði kennslu árið 2011.

Háskólinn á Akureyri ætlar að:

- Leggja aukna áherslu á þátttöku og ávinning nemandans af náminu og þjálfun í gagnrýnni hugsun.
- Efla gæði kennslu.
- Bæta aðstöðu og þjónustu við nám og kennslu og beita ávallt bestu fánalegu upplýsinga- og samskiptatækni.
- Sameina starfsemi háskólans á einum stað fyrir lok árs 2010.

2. ÖFLUGT RANNSÓKNASTARF

Rannsóknir eru ein af undirstöðum háskóla og mikilvægt er að auka rannsóknavirkni í starfsemi Háskólans á Akureyri. Stefnt er að því að 60% kennara og sérfræðinga háskólans verði með doktorsgráðu og að 150 nemendur verði í rannsóknatengdu framhaldsnámi haustið 2011. Heildartekjur til rannsóknastarfs verði að minnsta kosti 50% af heildartekjum skólans árið 2011.

Háskólinn á Akureyri ætlar að:

- Efla rannsóknatengt framhaldsnám.
- Auka fjármagn til rannsókna.
- Efla stuðning við rannsóknir og bæta rannsóknnaðstöðu.
- Fjölga kennurum og sérfræðingum með doktorspróf.
- Fjölga árlegum birtingum í alþjóðlegum og innlendum ritryndum fræðiritum upp í 50 árið 2011.
- Efla útgáfustarfsemi HA.

3. VIRK TENGLIÐ VIÐ SAMFÉLAGIÐ

Eitt af meginhlutverkum háskóla er að afla þekkingar og miðla henni til samfélagsins. Lögð verði áhersla á að þrefalda fjölda samstarfsverkefna við atvinnulífið fyrir árið 2011.

Háskólinn á Akureyri ætlar að:

- Efla gagnkvæma yfirfærslu þekkingar milli háskóla og atvinnulífs.
- Hafa frumkvæði að uppbyggingu vísindagarða á háskólasvæðinu.
- Taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir nýja þekkingu og færni.
- Gera rannsóknaniðurstöður aðgengilegri fyrir samfélagið.



STEFNA 2007 - 2011

4. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF OG VIÐURKENNING

Öflugt alþjóðlegt samstarf og alþjóðleg viðurkenning eru mælikvarði á gæði háskóla. Stefnt er að því að námsleiðir á framhaldsstigi sem kenndar eru á ensku verði a.m.k. þrjár, að allar deildir háskólans verði í samvinnu við erlenda háskóla og að fjöldi alþjóðlegra rannsóknarverkefna sem HA tekur þátt í þrefaldist fyrir árslok 2011.

Háskólinn á Akureyri ætlar að:

- Innleiða Bologna-ferlið.
- Efla nemenda-, kennara- og starfsmannaskipti.
- Styðja við nemendur sem ákveða að fara í framhaldsnám við erlenda háskóla.
- Þjóa framhaldsnám á völdum fræðasviðum þar sem alfarið er kennt á ensku.
- Byggja upp nám og rannsóknir á völdum sviðum í samstarfi við erlenda háskóla.

5. SKILVIRK SKIPULAGSHEILD

Góð stjórnun er grundvöllur þess að Háskólinn á Akureyri sé skilvirk skipulagsheild sem nær markmiðum sínum. Háskólinn mun leita eftir auknu fjárhagslegu og stjórnunarlegu frelsi á tímabilinu. Stefnt er að því að nemendur Háskólans á Akureyri verði orðnir 2.000 árið 2011.

Háskólinn á Akureyri ætlar að:

- Hafa einfalt og skilvirkt skipulag og gott upplýsingaflæði.
- Bæta áætlanagerð og eftirfylgni með áætlunum.
- Efla markvisst markaðsstarf.
- Auka hagkvæmni rekstrar.



Háskólinn á Akureyri

www.unak.is

Sólborg v/Norðurslóð

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Alþjóðlegur
Fjarnátt
Eftirsóknarverður
Spenn
Eftirsóknarverður
FRAMSÆKINN
Pátttaka
Persónulegur
ÞEKKINGARSAMFÉLAG
Alþjóðlegur
Eftirsóknarverður
Persónulegur
Frelsi
Tengsl
Öflugur
Traustur
Eftirsóknarverður
Persónulegur
Eftirsóknarverður
FRAMSÆKINN
Þekkinga
Eftirsóknarverður